

1905

Stefnandi, Time, Incorporated, greiði stefnda, Frjálsu Framtaki h/f, kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1983.

Nr. 271/1981. **Jóna Hjaltadóttir og
Samvinnutryggingar g/t**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

**Agnari Eggerti Jónssyni og
Guðrúnu Unni Rafnsdóttur**

(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1981. Þeir krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Málatilbúnaður áfrýjenda er á því byggður, að stefnda Guðrún Unnur „hafi ein valdið árekstrinum og átt alla sök á honum með því að virða að vettugi biðskyldu við nefnd gatnamót og aka inn á aðalbraut í veg fyrir Ö 5393, er sú bifreið kom aðvífandi eftir aðalbraut í fyllsta umferðarrétti.“ Er því haldið fram, að biðskyldan sé fortakslaus og alger og að hún taki til allrar umferðar um akbrautina, sem ekið er inn á, en ekki skipti máli í því efni, hvort umferð komi frá vinstri eða hægri. Er því haldið fram, að stefndu Guðrúnu Unni hafi borið að nema staðar við Hafnarfjarðarveg og ekki aka inn á veginn, fyrr en bifreiðar þær, sem ekið var suður veginn, en þeim átti að aka eftir vestari vegarhellingi, væru komnar fram hjá.

1906

Stefnda Guðrún Unnur hugðist aka í norðurátt, og bar henni því að nota eystri vegarhelming Hafnarfjarðarvegar.

Pá halda áfrýjendur því fram, að reglur 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 um bann við framúrakstri við vegamót grundvallist eingöngu á hættu samfara því, að ökutæki, sem á undan fer, sé beygt til vinstri á vegamótum. Sé framúrakstur því heimill við þessi vegamót, þar sem einstefnuakstur sé á tengibrautinni.

Á þessar skoðanir áfrýjenda verður ekki fallist.

Ekki er ljóst, með hvaða hraða bifreiðinni Ö 5393 var ekið, er árekstur varð. Verður því akstursmáti stefndu Jónu Hjaltadóttur ekki heimfærður undir ákvæði 49. gr. umferðarlaga.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjendur til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jóna Hjaltadóttir og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefndu, Agnari Eggerti Jónssyni og Guðrúnu Unni Rafnsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október sl., hafa Agnar Eggert Jónsson og Guðrún Unnur Rafnsdóttir, Furugrund 22, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu með ódagsettri áritun um birtingu, en þingfestri 9. apríl 1981, á hendur Jónu Hjaltadóttur leigubifreiðarstjóra, Borgarbraut 22, Njarðvík, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, óskipt til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 9.127.00 með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til þingfestingardags stefnu, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra óskipt að mati dómara.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að laugardaginn 5. júlí 1980 hafi orðið árekstur með bifreiðunum Y 4793 og Ö 5393 í Reykjavík á mótum Hafnarfjarðarvegur og tengivegar frá Kringlumýrarbraut. Hafi stefnda Jóna ekið bifreið sinni, Ö 5393, Oldsmobil leigubifreið, suður Hafnarfjarðarveg, en stefnandinn Guðrún Unnur hafi ekið fólksbifreiðinni Y 4793, Mitchubisi, vestur tengiveginna að Hafnarfjarðarvegi. Eigandi Y 4793 hafi verið stefnandinn Agnar Eggert og hafi báðar bifreiðarnar verið vátryggðar hjá Samvinnutryggingum. Biðskylda sé á tengiveginum gagnvart Hafnarfjarðarvegi. Hafi Guðrún Unnur stöðvað Y 4793 við vegamótin, litið eftir umferð og séð Ö 5393 vera ekið á eftir annarri bifreið suður Hafnarfjarðarveg á hægri vegarhelmingi. Hafi Guðrún Unnur því ekið af stað áleiðis norður Hafnarfjarðarveg. Hafi ökkona Ö 5393 þá skyndilega hafið framúrakstur og sveigt yfir á vinstri vegarhelming. Guðrún Unnur hafi þegar stöðvað og sveigt Y 4793 að hægri vegarbrún, en bifreið stefndu hafi skolið með vinstri hlið á vinstra framhorn Y 4793. Mikið tjón hafi orðið á bifreiðunum og hafi Y 4793 ekki verið talin viðgerðarhæf. Þá hafi Guðrún Unnur hlotið nokkrar ákomur.

Stefnandinn Guðrún Unnur Rafnsdóttir hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hefði verið á leið úr Kópavogi til Reykjavíkur, þegar áreksturinn varð. Hún kvaðst hafa stöðvað bifreið sína við vegamótin að Hafnarfjarðarvegi og litið eftir umferð og hafi hún þá séð bifreið stefndu á réttum vegarhelmingi á eftir öðrum bíl. Umferð hafi ekki verið norður Hafnarfjarðarveginn. Hafi hún því ekið inn á Hafnarfjarðarveginn í norður. Mætta (sic) kvaðst hafa stöðvað bifreið sína, þegar hún varð vör við bifreið stefndu Jónu á röngum vegarhelmingi, og hafa talið, að hún mundi sleppa fram hjá bifreið stefndu, en þá hafi stefnda bremsað um leið og hafi afturendi bifreiðar stefndu kastast á bifreið mættu (sic). Engin umferð hafi verið norður Hafnarfjarðarveg.

Mætta (sic) kvaðst hafa verið barnshafandi, komin tæpa sjö mánuði á leið, og hafi slysið haft slæmar afleiðingar fyrir sig andlega og hafi hún ekki treyst sér til að halda áfram vinnu sökum ótta um föstrið. Því hafi hún tekið sumarleyfi sitt viku fyrr en hún ætlaði sér.

Stefnda Jóna Hjaltadóttir hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hafi verið á leið suður Hafnarfjarðarveg, þegar áreksturinn varð, og hafi bíll verið á undan henni, sem hafi ekið ákaflega misjafnt, stundum mjög hægt, en stundum hafi hann aukið hraðann upp í eðlilega ferð. Mætta (sic) kvað rétt eftir sér haft á lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, nema kvað orðalag væri ekki það, sem hún hugsaði sér varðandi það, að hún kvaðst ekki hafa athugað eða hugsað um það, að hún væri á Hafnarfjarðarveginum, en ekki Kringlumýrarbraut, og því getað búist við umferð inn á veginn

frekar. Hún kvaðst vera von að aka alltaf suður Kringlumýrarbraut, þegar hún aki suður eftir, en í þetta sinn aki hún suður Hafnarfjarðarveg, en hugsi ekki eins um það. Ekki endilega, að hún slái því föstu, að hún sé á Kringlumýrarbrautinni. Hún kvaðst ekki hafa átt von á umferð á móti, enda hafi engin umferð verið á móti. Hún hafi ekið fram úr bílnum, sem á undan ók, vegna þess að akstursmáti hans hafi þreytt sig og þess vegna hafi hún ekið yfir á hina akreinina og ætlað sér að aka hana og hafi hún verið komin á hlið við bifreiðina, þegar bifreið Guðrúnar Unnar kom út úr gatnamótunum. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa orðið vör við bifreið Guðrúnar Unnar, fyrr en hún var komin alveg við hliðina á sér. Hún kvaðst ekki þora að fullyrða, hvort bíll hennar hefði stöðvað, hann gæti hafa staðið á gatnamótunum, án þess að hún hefði tekið eftir honum, en þegar hún hafi séð hann, hafi hún verið á hlið við hinn bílinn og þar af leiðandi hafi hún ekkert getað gert. Hafi hún því reynt að draga úr hraða, annað hafi hún ekki getað gert til að forða árekstri (sic). Hún kvað bíl Guðrúnar Unnar hafa verið ekið beint inn í götuna og hafi hann ekið í hliðina á sínum bíl. Mætta (sic) kvaðst ekki hafa orðið vör við, að bíll hennar kastaðist til, þegar hún bremsaði.

Vitnið Sturla Snorrason skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, að hann hefði verið farþegi í Y 4793, þegar áreksturinn varð, og hafi hann setið í aftursæti bifreiðarinnar. Hann kvað Guðrúnu Unni hafa stöðvað bifreið sína við gatnamótin að Hafnarfjarðarvegi, en síðan ekið henni af stað. Þá hafi þau veitt bifreiðinni Ö 5393 athygli. Er vitnið sá bifreiðina, hafi hún verið að byrja framúrakstur nokkru fyrir norðan gatnamótin. Hafi bifreiðin verið nokkuð á ská á götunni, enda að komast út fyrir bifreiðina, sem á undan var. Ökumaður Y 4793 hafi strax beygt bifreiðinni út í götukantinn og stöðvað og verið kyrrstæð, þegar áreksturinn varð. Ökumaður Ö 5393 hafi verið að beygja aftur inn á réttan vegarhluta, þegar afturhluti bifreiðarinnar kastaðist til og árekstur varð. Hafi ökumaður Ö 5393 ekki skýrt rétt frá, þegar skýrsla var tekin af honum, því að bifreið hans hafi ekki verið ekið á vinstri hluta götunnar fram að þeim tíma, sem framúraksturinn byrjaði. Á undan bifreið Guðrúnar Unnar hafi verið bifreið ca 100 — 150 metrum fram og hafi hún sloppið alveg við bifreið stefndu, og staðfesti það, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið á röngum vegarkanti.

Vitnið Gunnlaugur Hjálmarsson skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, að hann hafi ekið næstur á eftir bifreiðinni Y 4793 norður Kringlumýrarbraut og síðan tengibraut að Hafnarfjarðarvegi. Bifreiðin hafi stöðvað við gatnamótin og síðan hafi verið eins og ökumaðurinn færi af stað, en stöðvaði síðan aftur. Vitnið kvaðst hafa veitt svartri bifreið athygli, sem kom suður Hafnarfjarðarveginn, og hafi henni verið ekið hratt. Vitnið

kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hvar hún væri staðsett. Síðan hafi höggið komið, og kvaðst vitnið telja alveg vist, að Y bifreiðin hafi verið kyrrstæð, er áreksturinn varð. Ö bifreiðin hafi snúist til á götunni og runnið aftur á bak fram hjá gatnamótunum og hafi drifskafið flogið í loft upp.

III.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að ökukona Ö 5393 eigi ein alla sök á árekstrinum með gálausum og ólögum akstri, og sé kröfunum beint að stefndu með stoð í 68. gr., 1. og 2. mgr. 69. gr., 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Stefnda Jóna hafi hafið framúrakstur og ekið bifreið sinni á miklum hraða yfir á öfugan vegarhelming við vegamótin og á bifreið stefnenda þar kyrrstæða. Varði akstur stefndu Jónu einkum við 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 47. gr. svo og 49. gr. umferðarlaga. Við Guðrúnu Unni sé ekki að sakast. Hún hafi ekki átt að þurfa að reikna með því, að bifreiðar hæfu framúrakstur og ækju yfir á rangan vegarhelming við vegamótin, þar sem slíkt sé bannað skv. umferðarlögum. Hafi Guðrúnu Unni því verið heimilt að aka af stað áleiðis inn á Hafnarfjarðarveg, eins og hún gerði. Þá hafi Guðrúnu Unni tekist þrátt fyrir óvæntan og ólöglegan akstur stefndu Jónu að stöðva bifreið sína, áður en hún var komin inn á Hafnarfjarðarveg svo nokkru næmi, þannig að nóg pláss var fyrir stefndu Jónu til að aka fram hjá á hinum öfuga vegarhelmingi. Eigi að síður hafi stefndu Jónu tekist að valda árekstri. Sú afsökun stefndu Jónu, að hún hafi talið sig vera á Kringlumýrarbraut á vinstri akrein, leysi hana ekki undan sök og ábyrgð á árekstrinum. Því sé ekki við Guðrúnu Unni að sakast og ekki efni til sakarskiptingar. Túlkun stefndu á 47. gr. umferðarlaganna eigi ekki laga-stoð.

Dómkröfur stefnenda sundurliðast þannig:

A. Kröfur Agnars Eggerts Jónssonar:

1. Óbættur hluti verðmætis Y 4793	kr. 2.300.00
2. Dagpeningar vegna afnotamissis Y 4793	— 1.800.00
Samtals	kr. 4.100.00

B. Kröfur Guðrúnar Unnar Rafnsdóttur:

1. Bætur fyrir þjáningar og annan miska	kr. 5.000.00
2. Kostnaður vegna komu á slysadeild	— 27.00
Samtals	kr. 5.027.00

Um A 1. Bifreið Agnars Eggerts, Y 4793, hafi verið húftryggð með sjálfsáhættu að fjárhæð kr. 2.300.00 (gkr. 230.000), sem sé óbætt vegna bifreiðarinnar.

Um A 2. Bifreiðin Y 4793 hafi verið óviðgerðarhæf eftir áreksturinn og hafi Agnar Eggert keypt aðra bifreið þann 21. júlí 1980 og sé krafist bóta fyrir afnotamissi bifreiðar tímabilið frá árekstursdegi 5. júlí 1980 til 21. júlí 1980, eða í 15 daga, kr. 120.00 á dag, eða samtals kr. 1.800.00. Höfð sé hliðsjón af daggjaldi bílaleigubifreiðar.

Um B 1. Guðrún Unnur hafi hruflast á höfði og hnjám við áreksturinn. Hún hafi verið barnshafandi og var flutt með sjúkrabifreið á slysadeild til athugunar. Hún hafi óttast mjög um fóstrið og komst úr andlegu jafnvægi við slysið, sem leiddi til þess, að hún varð að hætta vinnu og taka sér frí til þess að jafna sig. Hafi sumarfrí hennar að nokkru farið til þess. Sé kröfulið þessum í hóf stillt, þegar litið sé til þeirra andlegu þjáninga, er Guðrún Unnur varð fyrir í þessu sambandi.

Um B 2. Þessi kröfuliður sé byggður á dskj. nr. 7.

Stefndu styðja sýknukröfur sínar þeim rökum, að stefnandinn Guðrún Unnur hafi ein valdið árekstrinum og átt alla sök á honum með því að virða að vettugi biðskyldu við nefnd gatnamót og aka inn á aðalbraut í veg fyrir Ö 5393, er sú bifreið kom aðvífandi eftir aðalbraut í fyllsta umferðarrétti. Biðskylda sé fortakslaus og alger. Hún taki til allrar umferðar um akbrautina, sem ekið sé inn á, hvort sem um aðalbraut sé að ræða eða ekki, sbr. 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Skipti ekki máli í því efni, hvort umferð komi frá vinstri eða hægri eða hvort ökutæki sé í framúrakstri vinstra megin á akbrautinni, sem biðskyldunnar njóti. Framúrakstur sé heimill við vegamót sem þessi, þar sem einstefnuakstur sé á tengibrautinni og því alls ekki um það að ræða, að bifreið á undan Ö 5393 yrði sveigt til vinstri inn á tengibrautina. Regla 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga, sem leggi bann við framúrakstri á vegamótum, grundvallist alfarið á hættu samfara því, að ökutæki, sem á undan fer, beygi til vinstri á vegamótum. Samkvæmt þessu sé einsætt, að sú réttarstaða, sem stefnendur byggja málsóknina á, sé á misskilningi byggð og mistúlkun á 3. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga og fái alls ekki staðist að lögum.

Ósannað sé, að Y 4793 hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð, eða að bifreiðinni hafi verið sveigt undan. Skemmdir á bifreiðunum, ekki síst á Ö 5393, gefi þvert á móti til kynna, að Y 4793 hafi verið á ferð, er áreksturinn varð. Stefnandinn Guðrún Unnur segist hafa reynt að víkja og hemla. Ekill í næstu bifreið á eftir henni álykti í framburði sínum, að Y 4793 hafi verið stöðvuð. Farþegi í Y 4793 fullyrði þetta. Það liggi því ekki fyrir lögfull sönnun um þetta atriði. Þetta skipti þó ekki máli, það eina, sem hér skipti máli, sé sú staðreynd, að Y 4793 hafi verið ekið af hliðarvegi inn

á mjög fjölfarna akbraut, sem biðskyldu njóti, í veg fyrir aðvifandi bifreið á þeirri akbraut. Með því hafi öryggi þeirrar bifreiðar og annarra hagsmuna í næstu grennd verið stefnt í mikla og bráða hættu og ekill Ö 5393 knúinn til neyðarviðbragða, sem vandséð hafi verið, að hann gæti haft á valdi sínu, án þess að til einhvers ófarnaðar leiddi.

Um bótakröfur stefnenda.

Um A 1. Lið A 1 er ekki mótmælt.

Um A 2. Lið A 2 er mótmælt sem allt of háum, þó aðeins þeirri upphæð, sem reiknuð er á dag vegna afnotamissis. Y 4793 hafi verið einkabifreið. Engar upplýsingar liggi fyrir um notagildi bifreiðarinnar. Bætur geti ekki numið nema broti þeirrar upphæðar, sem krafist sé.

Um B 1. Stefnandinn Guðrún Unnur hafi hlotið markúlu á höfuð og smáhrúfl á hné. Í læknisvottorði á dskj. nr. 7 komi fram, að áverkar þessir hafi verið svo sáralítillvægir, að þeir hafi ekki verið taldir veita tilefni til sérstakrar rannsóknar né heldur meðferðar. Andlegt áfall hafi verið í lágmarki. Kröfugerðinni vegna miska sé mótmælt sem hreinni fjarstæðu.

Um B 2. Þesum kröfulið er ekki mótmælt.

IV.

Samkvæmt framburði stefndu Jónu sveigði hún yfir á vinstri akbraut, skömmu áður en slysið varð, til þess að aka fram úr bifreið, sem ók næst á undan henni. Hún taldi sig vera á tveggja akreina akbraut með einstefnu í suður og hugði því ekki að mótumferð og taldi sig ekki hafa átt von á umferð inn á veginn. Samkvæmt framburði stefnandans Guðrúnar Unnar og vitnisins Sturlu Snorrasonar hóf Guðrún Unnur akstur bifreiðarinnar Y 4793 inn á Hafnarfjarðarveg örskömmu áður, eftir að hafa gætt biðskyldu sinnar skv. 2. og 3. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968, en stefnda Jóna hefur borið, að hún hafi ekki orðið bifreiðarinnar vör, fyrr en hún var komin á hlið við sína bifreið. Verður því að leggja framburð ofangreindra aðilja til grundvallar um þetta atriði, enda hefur þeim framburði ekki verið hnekkt. Þá styður framburður vitnisins Gunnlaugs Hjálmarssonar enn fremur þá fullyrðingu Guðrúnar Unnar og Sturlu, að bifreiðin Y 4793 hafi verið stöðvuð, þegar áreksturinn varð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir mega fallast á það með stefnendum, að stefnda Jóna hafi með aksturmáta sínum gerst brotleg við 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 47. gr. og 49. gr. laga nr. 40/1968, sem leiddi til þess, að árekstur varð. Þá er ósannað, að stefnandinn Guðrún Unnur hafi á einhver hátt orðið meðvöld að árekstrinum með ógætilegum akstri inn á Hafnarfjarðarveg. Ber því að leggja alla sök á árekstrinum á stefndu Jónu, og ber stefndu að bæta stefnendum tjón þeirra að fullu.

Verður nú vikið að hinum einstöku kröfuliðum:

Kröfulið A 1 er ekki mótmælt, og verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Kröfulið A 2 er mótmælt sem allt of háum, en ekki er vefengdur tími afnotamissis bifreiðarinnar. Stefnandinn Agnar Eggert hefur ekki sýnt fram á, hvert raunverulegt tjón hans vegna afnotamissis bifreiðarinnar var, og þýkir tjón hans hæfilega metið kr. 900.00 fyrir allt tímabilið.

Kröfulið B 1 er mótmælt sem allt of háum. Með hliðsjón af framkomnum upplýsingum um áverka stefnandans Guðrúnar Unnar þýkja miskabætur henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 1.000.00.

Kröfulið B 2 hefur ekki verið andmælt, og verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Vaxtakröfu stefnenda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður hún því tekin til greina.

Eftir atvikum þýkir hæfilegt, að stefndu greiði stefnendum óskipt kr. 2.600.00 í málskostnað.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jóna Hjaltadóttir og Samvinnutryggingar g/t, greiði in solidum stefnanda Agnari Eggerti Jónssyni kr. 3.200.00 og stefnanda Guðrúnu Unni Rafnsdóttur kr. 1.027.00, allt með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til 9. apríl 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma. Þá greiði stefndu stefnendum óskipt kr. 2.600.00 í málskostnað.

Dómi þessum bér að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.